

**Fundargerð stjórnar BÍS 18/2014. miðvikudaginn 24. september 2014 kl. 17.30, Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.**

Mættir:

Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Unnur Flygenring, formaður dagskrárráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs, Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi.

Dagskrá:

1. Setning: FFS setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Samþykkt
3. Fimm mínútur foringjans. JÞG stýrði.
4. Yfirlit stjórnarmanna.
  - a. BS. Búið er að halda einn ungmennaráðsfund. BS fór á Róvernet um helgina. Hún kynntist aðferðum annarra Bandalaga. Er að undirbúa fundi sem á að halda með skátum á aldrinum 16 – 25 ára víðsvegar um landið. Stefnt er að því að Elmar Orri Gunnarsson kmi fljótlega á fund ungmennaráðs og kynni ungmennalýðræði.
  - b. FFS. Er að undirbúa stofnun félagsráðs. Er búin að vera heimsækja skátafélögin. Sat fund með JÞG með pólska bandalaginu vegna samstarfs.
  - c. GBB. Kynningarviku er lokið. Skátablaðið er komið út. Vinna vegna framboðsmála er í fullum gangi.
  - d. JÞG. Fór í heimsókn á Róvernet. Hélt fyrirlestur um tengsl björgunarsveita og Skátana í gegnum tíðina. Alþjóðaráð var með kaffihúsakvöld fyrir róverskáta og fræðslukvöld vegna alþjóðamála. Þátttaka var í kringum 100 manns í þessum viðburðum. Ráðið er að búa til franska kynningu fyrir heimasíðuna sem fer inn á Skátamál.is. JOTA/JOTI verður haldið í Garðabæ í ár. Vinna laganefndar er búin að klára umsögn og er að taka saman tillögur til stjórnar. Umsagnir verða settar á netið.
  - e. KÓ. Margir fundir framundan vegna fjárlagavinnu. Var að klára Gilwell og var ánægður með vinnuna. Lykilþáttur til að fá fleiri fullorðna til starfa.
  - f. ÓP. Gilwell útskrifaði 15 þátttakendur um helgina. Það byrjuðu 14 nýir. Samvinna er hafin með Norðurlandi og fyrirhugað er að fara með nokkur námskeið norður. Búið er að setja saman markaðsáætlun því tengdu. Mikill áhugi á fleiri stöðum t.d. Vesturlandi og Vestmannaeyjum. Framhaldsnámskeið í Gilwell eru í bígerð.
  - g. UF. Tók þátt í Róvernet um helgina. Aðstaðan, þjónustan og meira að segja veðrið á Úlfljótsvatni var til fyrirmyndar. Það er verið að undirbúa

afhendingu á forsetamerkinu. Verkefnin sem er búið að skila inn eru vel ígrunduð og ánægjulegt að sjá hvert þetta er að þróast.

#### 5. Meginviðfangefni

- a. Ímyndarmótun og ásýnd skátahreyfingarinnar. GBB lagði fram ímyndarbæklinginn til samþykktar. Upplýsingaráð lagði til að bæklingurinn yrði gefinn út eins og hann var kynntur á Skátaþingi með smá breytingum á samfélagsmiðlakaflanum. Samþykkt.
  - i. Könnun á skátastarfi. KÓ kynnti um stöðu mála. Málið er í vinnslu.
- b. Starfsemi félagsráðs. FFS kynnti hugmyndir og markmið um félagsráð. Stefnt er að því að leggja fram tillögu að skilgreiningu á hutverki fyrir næsta Skátaþing.
- c. Stuðningur við stjórnir skátafélaga. FFS kynnti rammann í kringum þessa vinnu. Öll þessi vinna verður tengd við Skátafélag á rétttri leið. Stefnt verður að því að þróa SÁRL úr því að vera rekstrarmatskerfi í heildstætt sjálfmatskerfi fyrir skátafélögin.
- d. Framvinda stefnuáherslna Ungmennaráðs. BS fór yfir helstu áherslur ungmennaráðs og markmiðið er að skila af sér starfsramma um ráðið fyrir næsta skátaþing. Fínar umræður voru í tengslum við þessa vinnu.

#### 6. Afgreiðslumál

- a. Starfsyfirlit starfsmanna. Lá frammi.
- b. Samstarf við Pólland. JPG leggur til að við snúum við fyrri ákvörðun og samþykkjum samstarf við Pólland. Samþykkt.
- c. Samþykktir frá Heimspingi. Lagðar fram. Samþykkt að hafa vinnudag og fara yfir samþykktir heimspinga WOSM og WAGGGS. HS er falið að finna dagsetningu.
- d. World Scout Moot. Styrkur vegna Norræns samstarfs er í höfn.
- e. Ferðabeiðni.
  - i. Scout Academy. Samþykkt að senda UF á viðburðinn.
  - ii. Framkvæmdastjórafundur Evrópuþjóðanna. Samþykkt að HS sæki fundinn.
- f. Minnisblað með endurskoðanda. Lagt fram til kynningar.

#### 7. Önnur mál

- a. Orðuafhending. Portúgalska bandalagið veitti BÍS orðu fyrir framgöngu vegna framboðs Jhao Armando.
- b. Öryggismál. Samþykkt að fara í rýnisvinnu vegna öryggismála í skátastarfi. HS er falið að finna dagsetningu að vinnudegi stjórnar um málið.
- c. Hjálparveit róverskáta. KÓ fór yfir hugmyndina og er falið að vinna málið áfram.
- d. Forvarnardagurinn. Hann verður haldinn miðvikudaginn 1. október. BB er tengiliður stjórnar við verkefnið.
- e. Fjárlög. Vinna er í gangi við að leiðrétta okkar hlut í fjárlögum. HS vinnur málið áfram.
- f. Forsetamerkisafhending. Athöfnin verður laugardaginn 4. október kl. 13.
- g. Laganefnd. JPG leggur til að nefndin skili af sér 11. desember í stað 1. nóvember eins og stendur í þingsályktunartillögunni. Samþykkt.

- h. Hópefli. JPG leggur til að alþjóðaráð tekur að sér hópefli fyrir öll ráð í byrjun árs 2015. Samþykkt og framtaki fagnað.

Fundi slitið kl. 20:06.  
Fundargerð ritaði HS